



Íslandsbanki hf.
Hagasmára 3
201 Kópavogur

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 16. ágúst 2021
Tilv.: FOR21010147/3.5

Efni: Undanþága frá gildissviði upplýsingalaga, nr. 140/2012: Íslandsbanki hf. og dótturfélag.

1. Erindi fjármála- og efnahagsráðherra og málsmeðferð forsætisráðherra.

Með erindi fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 19. maí 2021, var lagt til að Íslandsbanki hf. og nánar tilgreind dótturfélag hans fengju undanþága frá gildissviði upplýsingalaga, nr. 140/2012. Nánar tiltekið væri um að ræða eftirfarandi félag:

1. Íslandsbanki hf.
2. Miðengi ehf.
3. Hringur-eignarhaldsfélag ehf.
4. BVS ehf.
5. Þróunarsjóðurinn Langbrók.
6. Kreditkort ehf.
7. Ergo ehf.
8. Íslandssjóðir hf.
9. Allianz Ísland hf. söluumboð.

Íslandsbanki hf. og 21 dótturfélag hans fengu undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun forsætisráðherra, dags. 14. maí 2018, sbr. auglýsingu nr. 542/2018. Með erindi Íslandsbanka hf. til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 1. febrúar 2021, var þess farið á leit að lagt yrði til við forsætisráðherra að Íslandsbanki hf. og sjö nánar tilgreind dótturfélag fengju áframhaldandi undanþágu frá gildissviði laganna. Þá var sótt um undanþágu fyrir eitt dótturfélag til viðbótar, BVS ehf.

Ekki var sótt um áframhaldandi undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga fyrir félögin Borgun hf., D-1 ehf., EFF 2 ehf., Fastengi ehf., Geysir General Partner ehf., Geysir Green Investment Fund slhf., GP ÍSF ehf., ÍSB fasteignir ehf., ÍSF slhf., LT lóðir ehf., OIF ehf., RIVULUS ehf., Smyrlaheiði ehf. og SPW ehf. Íslandsbanki hefur selt hlut sinn í Borgun hf. og hin félögin hafa verið afskráð úr fyrirtækjaskrá Skattsins.

Með erindi forsætisráðherra, dags. 27. maí 2021, var óskað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna þeirra níu félaga sem talin eru upp að framan. Í umsögn stofnunarinnar, dags. 16. júní 2021, var lagt til að þau fengju öll undanþága frá gildissviði upplýsingalaga, nr. 140/2012.

2. Ákvörðun forsætisráðherra.

2.1. Um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga.

Í 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, kemur fram að lögin taki til allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera. Þau taki þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Í 3. mgr. kemur fram að ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði geti ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka.

Í athugasemdum við 3. mgr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum, nr. 140/2012, kemur fram að skilyrði þess að undanþágunni verði beitt séu í grundvallaratriðum þau að starfsemi viðkomandi aðila geti ekki talist til hefðbundinnar opinberrar starfsemi, svo sem þjónustustarfsemi sem fram fer á grundvelli laga, og að starfsemi hans sé að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Ákvörðun um það hvort tiltekið fyrirtæki geti fallið undir undanþágureglu 3. mgr. 2. gr. verði að byggja á sérstöku mati á starfsemi viðkomandi fyrirtækis og markaðsaðstæðum á því sviði sem það starfar á. Með greininni sé leitast við að einfalda afmörkun á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þeim fyrirtækjum sem einvörðungu, eða að langstærstum hluta, sinni starfsemi sem er í samkeppnisrekstri.

2.2. Íslandsbanki hf.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Ríkissjóður er eigandi að meirihluta hlutafjár í bankanum. Samkvæmt því fellur bankinn undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Íslandsbanki telst vera alhliða banki, þ.e. hann sinnir fjölbættri fjármálaþjónustu við viðskiptavinum sína, bæði á sviði almennrar viðskiptabankaþjónustu og fjárfestingarbankastarfsemi. Var það hefur verið ljósi á þá markaði sem starfsemi bankanna fellur undir í ýmsum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.

Í ákvörðun forsætisráðherra, dags. 14. maí 2018, sbr. umsögn Samkeppniseftirlitsins, dags. 11. janúar sama ár, kom fram að Íslandsbanki hf. teldist vera sjálfstæður keppinautur og að markaðsaðstæður væru þannig að bankinn væri að öllu leyti í samkeppni við aðra einkaréttarlega aðila sem ýmist væru í eigu hins opinbera eða einkaaðila. Þá hefði Íslandsbanka ekki verið falið að taka stjórnvaldsáskvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið væri á um í lögum að stjórnvald skyldi sinna eða sem teldist vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Ekki verður séð að aðstæður hafi breyst síðan þá. Þannig fer starfsemi bankans að öllu leyti fram í samkeppni við önnur fjármálafyrirtæki á markaðnum. Ef Íslandsbanki væri skyldugur til að hlíta reglum upplýsingalaga um aðgengi almennings að upplýsingum er hætta á því að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði. Slíkt gæti skekkt samkeppni milli fyrirtækja í sambærilegri stöðu á sama markaði. Í sambærilegum málum hefur forsætisráðherra komist að hliðstæðri niðurstöðu. Má í því sambandi nefna ákvörðun forsætisráðherra, dags. 1. júlí 2019, þar sem Landsbankanum hf. fékk áframhaldandi undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga.

Að öllu framangreindu virtu er það ákvörðun forsætisráðherra að Íslandsbanki hf. skuli ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Undanþága félagsins skal endurskoðuð eigi síðar en 1. júlí 2024.

2.3. Dótturfélög Íslandsbanka.

2.3.1. Eignarhaldsfélög og félög sem hafa enga starfsemi.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Skv. 2. mgr. 21. gr. laganna hafa fjármálafyrirtæki heimild til að sinna hliðarstarfsemi sem er í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Þau dótturfélög sem óskað er eftir undanþágu fyrir og falla undir hliðarstarfsemi í skilningi laga nr. 161/2002 eru Miðengi ehf., Hringur-eignarhaldsfélag ehf., BVS ehf. og Þróunarsjóðurinn Langbrók. Kreditkort ehf. og Ergo ehf. hafa enga starfsemi samkvæmt upplýsingum Íslandsbanka hf.

Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum hefur starfsemi Miðengis ehf., Hringur-eignarhaldsfélags ehf. og Þróunarsjóðsins Langbrókar ekki tekið breytingum frá því undanþága frá gildissviði upplýsingalaga var veitt með auglýsingu nr. 542/2018. Þegar litið er til upplýsinga frá Íslandsbanka má sjá að bæði eignarhald og tilgangur dótturfélaganna er hinn sami og þegar félögunum var veitt undanþága árið 2018. Að því er varðar upplýsingar um eignarhald og tilgang félaganna vísast til ákvörðunar forsætisráðherra frá 14. maí 2018.

Félagið BVS ehf. er í 63,47% eigu Íslandsbanka hf. Tilgangur félagsins er eignarhald, umsýsla og sala á tilteknum forgangshlutabréfum í C-flokki Visa Inc. Félaginu er óheimil önnur starfsemi og skal slitið þegar söluandvirði framangreindra hluta, að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar félagsins, hefur verið ráðstafað til hluthafa. Það er mat forsætisráðherra, sbr. umsögn Samkeppniseftirlitsins, að hliðstæð sjónarmið eigi við um BVS ehf. og fyrrnefnd eignarhaldsfélög.

Fyrir liggur að starfsemi framangreindra dótturfélaga er hliðarstarfsemi fjármálafyrirtækis sem grundvallast á lögum um fjármálafyrirtæki. Starfsemi félaganna er því samþýðanleg þeirri starfsemi sem Íslandsbanka er heimilt að stunda. Telja verður að mat á framangreindum félögum skuli taka mið af markaðsaðstæðum móðurfélagsins, þ.e. Íslandsbanka, og greiningu á þeim markaði.

Að öllu framangreindu virtu er það ákvörðun forsætisráðherra að Miðengi ehf., Hringur-eignarhaldsfélag ehf., BVS ehf., Þróunarsjóðurinn Langbrók, Kreditkort ehf. og Ergo ehf. skuli ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Undanþágur félaganna skulu endurskoðaðar eigi síðar en 1. júlí 2024.

2.3.2. Félög í atvinnurekstri sem starfa á samkeppnismarkaði.

Íslandssjóðir hf. og Allianz Ísland hf. söluumboð stunda atvinnurekstur í þeim skilningi að félögin stunda að hluta eða öllu leyti hefðbundna atvinnustarfsemi í formi framleiðslu á vörum eða þjónustu:

Um er að ræða starfsemi sem rekin er að öllu eða mestu leyti í samkeppni við fyrirtæki á mörkuðum fyrir líftryggingar annars vegar og eignastýringarstarfsemi hins vegar. Þá hefur þessum dótturfélögum ekki verið falið að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnvísu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða sem telst vera liður í opinberu hlutverki stjórnvalds. Starfsemi félaganna er þannig einkaréttarlegs eðlis og félögin stunda ekki starfsemi sem talist getur til hefðbundinnar opinberrar starfsemi þrátt fyrir að vera í meirihlutaeigu íslenska ríkisins gegnum móðurfélagið Íslandsbanka hf.

Ekki verður séð að starfsemi framangreindra dótturfélaga hafi breyst frá ákvörðun forsætisráðherra, dags. 14. maí 2018, sbr. umsögn Samkeppniseftirlitsins um málið. Ef félögin væru skyldug til að hlíta reglum upplýsingalaga er talin hætta á að skapast myndi ójafnræði í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði sem gæti skekkt samkeppni milli fyrirtækja í sambærilegri stöðu á sama markaði.

Að öllu framangreindu virtu er það ákvörðun forsætisráðherra að Íslandssjóðir hf. og

Allianz Ísland hf. söluumboð skuli ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Undanþágur félaganna skulu endurskoðaðar eigi síðar en 1. júlí 2024.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Hlöðversdóttir


Egill Pétursson

Ljósrit: Fjármála- og efnahagsráðherra, Samkeppniseftirlitið.